



Samtök banka og verðbréfafyrirtækja
Bankers' and Securities Dealers' Association of Iceland

Alþingi
Erindi nr. P 130/2415
komudagur 10.5.2004

Reykjavík, 10. maí 2004

Alþingi,
efnahags- og viðskiptanefnd,
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frv. til l. um brt. á útvarpslögum og samkeppnislögum (974. mál)

Vísað er í bréf nefndarinnar dags. 4. maí sl. þar sem óskað er eftir umsögn um ofangreint mál. SBV eiga aðild að Samtökum atvinnulífsins gegnum Samtök fjármálafyrirtækja og vísa til umsagnar SA varðandi meginviðhorf til málsins.

SBV vilja þó vekja athygli á því að svo virðist sem lögfesting frumvarpsins að óbreyttu mundi valda því að ekki verði hægt að skrá hérland fjölmiðlafyrirtæki í Kauphöll Íslands, sbr. 17. gr. laga um starfsemi kauphalla og skipulegra tilboðsmarkaða, nr. 34/1998, og 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. rgl. 434/1999, um opinbera skráningu verðbréfa í kauphöll, en þar er gert að skilyrði fyrir opinberri skráningu að viðskipti með verðbréf séu án takmarkana. Sum skilyrði fyrir útvarpsleyfi sem sett eru í 1. gr. frumvarpsins er það erfitt að meta að óframkvæmanlegt yrði fyrir Kauphöllina að hafa eftirlit með þeim. Sérstaklega má þar vísa til 2. málslíðar a.-líðar efnismgr. 1. gr., en einnig ákvæðis til bráðabirgða.

Þá þyrfti að gæta þess að einhvers konar tímabundnin undanþága sé veitt frá hlutfallsviðmiðunum á eignarhaldi í 1. gr. frumvarpsins. Í 22. gr. laga um fjármálafyrirtæki, nr. 161/2002, er viðskiptaböndum, sparisjóðum og lánaframtækjum veitt heimild að koma tímabundið inn í rekstur annarra atvinnufyrirtækja í þeim tilgangi að endurskipuleggja starfsemi þeirra. Afdráttarlaus takmörkun á eignarhlut, eins og frumvarpið gerir ráð fyrir, mundi útiloka möguleika fjölmiðlafyrirtækis á slíkri aðkomu þeirrar lánastofnunar sem það er í viðskiptum við og þannig hugsanlega koma í veg fyrir að það geti fetað sig út úr erfiðleikatímabilum. Slíkt gæti ekki einungis orðið fjölmiðlafyrirtækinu þungbært heldur einnig skaðað þá lánastofnun sem um ræðir. Því væri eðlilegt að skeyta inn í lagatextann tilvísun í undanþágu 22. gr. l. nr. 161/2002.

Virðingarfyllst,

Guðjón Rúnarsson,
framkvæmdastjóri